

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 14. nóvember 2008

Tilvísun: UST20081000127/ksj

Pappírsverksmiðja við Hellisheiðarvirkjun

Pappírsverksmiðja við Hellisheiðarvirkjun

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst 27. október sl. þar sem óskað er umsagnar í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. og 11. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka í framangreindum lögum. Erindinu fylgir greinargerð.

Verksmiðjan

Áformuð er uppsetning verksmiðju sem framleiðir pappír á virkjunarsvæði Orkuveitu Reykjavíkur á Hellisheiði. Raforkuþörf verksmiðjunnar verður 2,8 GWH á ári. Gert er ráð fyrir að gufa og skiljuvatn af jarðhitasvæðinu verði nýtt til framleiðslunnar. Magn skiljuvatns sem áætlað er að notað verði við framleiðsluna er 600 m³ á sólarhring. Áætlað er að verksmiðjan muni nota um 10 tonn á kls. af gufu frá Hellisheiðarvirkjun þegar hún hefur náð fullum afköstum. Áætluð ferskvatnsþörf fyrir verksmiðjuna er um 220 m³ á sólarhring og fæst úr vatnsveitu Hellisheiðarvirkjun.

Vinnsluferlið

Framleiðsluferlið felst í meginatriðum í því að pappírsmassabaggar eru losaðir upp og hrærðir saman við vatn og íblöndunarefni og úr verður pappírsmassadeig. Síðan er vökvi dreginn úr deiginu og það fer í valsatromlu þar sem það er þurrkað með heitu lofti. Úr þessu verða pappírsstrangar sem er lokaafurð, afgangsfjar og frárennsli. Við framleiðsluna verður notað heitt skiljuvatn frá Hellisheiðarvirkjun auk gufu frá virkjuninni. Ferskvatn verður fengið frá vatnsveitu Hellisheiðarvirkjunar.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við greinargerðina.

Útblástur

Í greinargerðinni kemur fram að röku lofti verður hleypt út frá þurrkunarbúnaði um útblásturstokk. Með útblæstri munu fara út finar rykagnir og er áætlað magn þeirra um 3 – 5 tonn á ári. Einnig er sagt í greinargerð: „*Treffarnar brotna auðveldlega niður í náttúrunni,*

enda lífrænt trjáefni. “ Umhverfisstofnun telur að gera þurfi betur grein fyrir niðurbroti agnanna við þær aðstæður sem eru á staðnum. Einnig þyrfti að koma fram hvort svokölluð bindiefni og hleypir sem flokkast sem efni sem eru hættuleg umhverfinu fari í útblástur og ef svo er í hve miklu magni.

Úrgangur

Í greinargerð kemur fram að helstu úrgangsefni frá framleiðslu eru trefjar frá pappamassanum og leifar af hjálparefnum. Talið er að pappamassa úrgangur verði um 500 tonn á ári eða 1,5 tonn á sólarhring. Í greinargerð kemur einnig fram að þessum úrgangsmassa er safnað saman í geymi og hann fluttur reglubundið á viðurkenndan móttökustað. Umhverfisstofnun telur að gera verði grein fyrir hvort og í hvaða magni bindiefni og hleypir geti verið í úrganginum.

Settjörn

Í greinargerð kemur fram að afgang- og umframvatn verði leitt í sérstaka settjörn. Tjörnin er áætluð 2000 m² að stærð og 1,5 metra djúp og gert er ráð fyrir að hún rúmi vinnsluvatn a.m.k. 25 sólarhringa. Frá settjörn er ráðgert að leiða vatn í leysingafarveg sem liggur að votlendissvæði norðan framkvæmdasvæðis. Umhverfisstofnun gerir athugasemd við að samkvæmt þessari áætlun fer frárennsli frá settjörn inn á vatnsverndarsvæði fjarsvæði III (sjá Aðalskipulag Ölfuss). Umhverfisstofnun vill einnig taka fram að mýrar og flóar 3 hektarar eða stærri njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er samkvæmt 37. grein laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Umhverfisstofnun telur að gera þurfi grein fyrir hönnun og uppbyggingu settjarnar bæði vegna þess að jarðvegur á svæðinu er lekt hraun og afrennsli frá tjörninni fer inn á vatnsverndarsvæði.


Vatnsvernd


Fram kemur í greinargerð að fyrirhugað framkvæmdasvæði er utan svæða sem afmörkuð eru sem vatnsverndarsvæði. Umhverfisstofnun bendir á að mörk vatnsverndarsvæðis III fjarsvæði eru norðvestan við iðnaðarsvæði þar sem pappírverksmiðju er ætlaður staður og ef af væntanlegri framkvæmd verður þarf að sýna fram á að frárennsli frá settjörn hafi ekki neikvæð áhrif á vatnsverndarsvæðið. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að brunnsvæði vatnsbóls og stofnað vatnsveitu eru norður af væntanlegu framkvæmdasvæði.

Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar eru umhverfisáhrif væntanlegrar pappírverksmiðju við Hellisheiðarvirkjun enn nokkuð óljós. Umhverfisstofnun telur að nánari upplýsingar vanti um gerð og frágang settjarnar og hugsanleg áhrif á vatnsverndarsvæði. Einnig þarf upplýsingar um afdrif hjálparefna sem eru hættuleg umhverfi. Umhverfisstofnun telur ekki hægt að meta hvort að væntanleg pappírverksmiðja geti haft veruleg umhverfisáhrif.

Virðingarfyllt


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Helgi Jónsson
Ráðgjafi